

Endurvinnslustefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur sett sér eftirfarandi endurvinnslustefnu í því skyni að auka endurvinnsluhlutfall sorps og minnka umfang þess í samræmi við sjálfbærni Stefnu félagsins.

Umfang stefnunnar

Endurvinnslustefnu skal fylgt þar sem Reginn er með rekstur í viðkomandi fasteign og þeim eignum sem eru vottaðar með BREEAM In-Use vottun eða eru í umsóknarferli um vottunina.

Notkun gagna um endurvinnslu

Félagið aflar árlega gagna frá leigutökum, sorphirðufyrirtækjum og sértækum hugbúnaðarlausnum. Gögn verða borin saman við markmið Regins sem tilgreind eru í fylgiskjali 1 og skýrsla með samanburði gagna verður send árlega til stjórnar og leigutaka félagsins.

Ábyrgð

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjórar, bera ábyrgð á því að endurvinnslustefnu þessari sé framfylgt í daglegum rekstri félagsins. Stefuna og markmið hennar, sem tilgreind eru í fylgiskjali 1, skal endurskoða árlega.

Framkvæmdastjórar eru ábyrgir fyrir innleiðingu stefnunnar í daglegan rekstur félagsins og skulu setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðla að því að ná settum markmiðum félagsins. Allt starfsfólk Regins skal fá kynningu á stefnunni sem gerir þeim kleift að skilja áhrif starfa þeirra á markmið félagsins um endurvinnsluhlutfall og minnkun sorps.

Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 16. desember 2021

Tómas Kristjánsson

Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Fylgiskjal 1 – Markmið um endurvinnsluhlutfall og minnkun sorps

Markmið um endurvinnsluhlutfall og minnkun sorps eru eftirfarandi:

- Endurvinnsluhlutfall sorps verði 70% árið 2025.
- Dregið verði úr sorpi frá eignum um 10% árið 2025 miðað við árið 2019.

Markmið um endurvinnsluhlutfall og minnkun sorps verða kynnt leigutökum félagsins með regluglegum tölvupóstum. Verði uppvist um óhóflega losun úrgangs verða markmiðin aðlöguð að þeirri eign eða þeim leigutaka sem um ræðir.